

Skriðuannálar Patreksfjarðar, Bolungarvíkur og Bíldudals

Halldór G. Pétursson

Unnið fyrir Veðurstofu Íslands og Ofanflóðasjóð

NÍ-00011

Akureyri, september 2000



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS



EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	3
2 PATREKSFJÖRÐUR	3
2.1 Skriðuannáll Patreksfjarðar	4
3 BOLUNGARVÍK	5
3.1 Skriðuannáll Bolungarvíkur	5
3.2 Um skriðuföll í Jarðabókinni 1710	7
3.3 Aðrar upplýsingar um skriðuföll	8
3.4 Sprungan í Óshyrnu	9
4 BÍLDUDALUR	10
4.1 Viðbætur við ofanflóðaannál	11
5 HEIMILDIR	12

MYNDIR OG FYLGISKJÖL

Mynd 1. Staðsett skriðuföll í Bolungarvík	14
Mynd 2. Forn skriðuföll samkvæmt Jarðabókinni 1710	15
Mynd 3. Gamalt kort af Bíldudal	16
Fylgiskjal 1. Úrklippur úr DV, Mbl. og Tím. í maí 1990	17

1 INNGANGUR

Þessir skriðuannálar eru unnir að beiðni Trausta Jónssonar á Veðurstofu Íslands og er tilefnið hættumat það sem um þessar mundir er unnið vegna ofanflóða á Patreksfirði, Bolungarvík og Bíldudal. Tilgangurinn er að finna sem gleggstar upplýsingar í heimildum um sögu skriðufalla og skriðuhættu á Patreksfirði og Bolungarvík, og afla viðbótarupplýsinga um skriðuföll á Bíldudal, en þar hefur saga ofanflóða 1902 – 1999 þegar verið tekin saman (Björn Jóhann Björnsson 1990, Þorsteinn Sæmundsson o.fl. 1999).

2 PATREKSFJÖRDUR

Ekki er hægt að segja að miklar upplýsingar hafi fundist um skriðuföll sem orðið hafa innan bæjarmarka Patreksfjarðar. Í verkum Ólafs Jónssonar (1957) er Patreksfjarðar aðeins getið einu sinni í sambandi við aurskriður, og í því tilvikum var um að ræða skriðuföll á vegina í nágrenni bæjarins. Í skriðuannálum árána 1924 – 1994 er aðeins getið um tvö tilvik, hið fyrri þ. 13. nóv. 1961 og það seinna í ág. 1984 (Halldór G. Pétursson 1991, 1992). Oftar er getið um skriðuföll í nágrenni bæjarins og þótt þau séu ekki talin með herna er rétt að vekja athygli á banaslysi sem varð á veginum um Raknadalshlíð, 13. sept. 1975. Þá féll steinn úr hlíðinni á vörubifreið sem átti leið um veginn. Féll bifreiðin 50-60 m niður í fjöru og lést bílstjóri hennar, en farþega tókst að stökkva út úr henni á síðustu stundu.

Í gögnum Veðurstofunnar (bréf Tómasar Jóhannessonar 27.01.1997, ferð til Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og Bíldudals 22.01.-25.01.1997) er getið um tvö önnur tilvik, aurskriðu sem féll á árum 1933-34 og aðra sem féll á tímabilinu 1955-58. Engar aðrar heimildir hafa fundist um þessi skriðuföll og reyndar er engar skriðufalla getið í nágrenni Patreksfjarðar á árunum 1933-34 (Halldór G. Pétursson 1996). Á árunum 1955-58 er getið um mjög mikil skriðuföll í nágrenni Patreksfjarðar og við Breiðafjörð dagana 25.-26. okt. 1958 og aftur dagana 18.-19. nóv. 1958, en þá urðu skriðuföll norðar á Vestfjörðum (Halldór G. Pétursson 1992). Hugsanlegt er að þessi skriða hafi fallið í annað hvort skiftið.

Aðrar upplýsingar um skriðuföll á Patreksfirði eru almenns eðlis og ódagsettar eða eins og segir í skýrslu Jóns Gunnars Egilssonar (1990): „Eins og áður hefur verið minnst á þá er einungis vitað um snjóflóð á tveimur stöðum í kaupúninu, en hætta á grjótlugi er víða. Segja má að öll hlíðin utan við Geirseyrargilið sé hættusvæði í því sambandi, og er hún öll skriðurunnin. Á undanförunum árum hafa fallið nokkrir stórir steinar niður undir byggðina, svo sem við Urðargötu 2, og í nánd við sjúkrahúsið. Einnig hafa litlar grjótskriður sigið niður hlíðina ofanverða. Þá eru dæmi þess að aur- og vatnsflóð hafi náð að flæða inn í hús á Patreksfirði“.

Þetta er í svipuðum dúr og gamlir Patrekfirðingar svöruðu mér síðast liðið sumar þegar ég spurði um skriðuhættu á svæðinu. Þá sögðu menn að lítið væri um skriður, en meira um grjóthrun, sem að þeirra sögn virðist þó nokkuð, því fólk virðist oft heyra þegar grjót hrynur úr hlíðinni ofan við Urðargötu. Menn létu þess getið að grjót hafi fallið á hús, án þess þó að nefna sérstök dæmi. Steinar og björg hafa yfirleitt stöðvast rétt fyrir ofan húsin, svona 3-4 m frá þeim. Þá var nefnt stórt bjarg ofan við barnaskólann, en það mun hafa komið þar niður áður en hann var byggður. Þá var

einnig getið um annað stórt bjarg, 2-3 mannhæðir sem kom niður fyrir meira en 50 árum. Ekki nefndu menn nánari staðsetningu þess.

Aðrar upplýsingar um skriðuföll á Patreksfirði fundust ekki, þrátt fyrir nokkara leit. Hvorki Örnefnaskrár eða Jarðabókin geta nokkurar skriðana eða annara ofanflóða í landi Geirs- eða Vatneyrar, þar sem kaupstaðurinn stendur nú.

2.1 Skriðuannáll Patreksfjarðar

1933-34:

...Páll Jóhannesson nefndi að á árunum 1933-34 hafi fallið aurskriða yfir Aðalstræti á húsið nr. 47. Skriðan á að hafa verið 100-200 m breið og 2-3 m djúp. Aur og vatn flæddi niður undir götuna og einnig inn í kjallara hússins nr. 43. (gögn Veðurstofunnar ferðasaga Tómasar Jóhannessonar um ferð til Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og Bíldudals 22.01.-25.01.1997).

1955-58:

...Úlfar Thoroddsen nefndi aðra aurskriðu sem fallið hafi á Aðalstræti á árabílinu 1955-58. (gögn Veðurstofunnar ferðasaga Tómasar Jóhannessonar um ferð til Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og Bíldudals 22.01.-25.01.1997).

Hugsanlegt er að þessi skriða hafi fallið í gífurlegum rigningum sem urðu við Breiðafjörð og á Vestfjörðum þ. 25.-26. okt. Mest urðu skriðuföllin á Barðastönd, en skriður féllu einnig á Snæfellsnesi, Óshlíð og í nágrenni Ísafjarðar. Þá urðu einnig mikil skriðuföll þ. 18.-19. nóv. á Vestfjörðum þegar snögglega hlýnaði með mikilli rigningu. Mest urðu skriðuföllin í Dýrafirði, Öndarfirði og við Ísafjarðardjúp (Halldór G. Pétursson 1992).

13. nóv. 1961:

...Á Patreksfirði hafa skriður hlaupið, en ekki valdið tjóni, en tunga úr skriðu stöðvaðist í námunda við íbúðarhús við Urðargötu. ...Vegurinn kringum Patreksfjörð hefur einnig lokast af skriðum. ...Kleifaheiði hefur einnig lokast vegna skriðufalla. ...Skriður hafa og fallið á Skálpadalshlíð og víðar og er vegur því ófær frá Patreksfirði til Örlygshafnar og Rauðasands. Ennfremur hefur mikið grjóthrun verið úr Hafnarmúla, sem er innan við Örlygshöfn (Halldór G. Pétursson 1992).

Daginn sem þessar skriður féllu var mjög mikil úrkoma á sunnan og vestanverðu landinu frá regnsvæði djúprar lægðar við Hvarf á Grænlandi. Sólarhringsúrkoma í Kvígingisdal var 101.6 mm og á Lambavatni á Rauðasandi mun úrkoman hafa mælst 102 mm frá kl. 08 til 19. þ. 13. Á Vestfjörðum var allmikill snjór kominn í fjöll og jörð var nokkuð tekin að frjósa. Með þessu steypiregni kom 9 stiga hiti og snjóinn tók allan upp og beljaði hann fram sem viðbótar vatnsflaumur við regnið. Urðu víða mikil vegaspjöll og skriðuföll. Mest voru skriðuföllin á Barðaströnd, Rauðasandi og í Patreksfirði, en einnig urðu skriðuföll í Arnarfirði, á Óshlíð og allt til Skagafjarðar.

Ágúst 1984:

...„Það var óhugnanlegt að sjá björgin velta út úr þokunni og stefna á húsinn“, sögðu sjónarvottar að því þegar nokkrir allstórir steinar féllu úr fjallinu ofan við byggðina á Patreksfirði nýlega. Þoka var niður í miðjar hlíðar þegar þetta átti sér stað. Miklar drunur heyðust og tvö stór björg sáu st falla niður hlíðina í stefnu á hús innanvert við sjúkrahúsið, rétt utan við gilið þar sem snjóflóðið féll úr á síðasta ári. Annar steinninn stöðvaðist þó nokkuð frá byggðinni, en hinn ekki fyrr en um 50 m frá húsunum. Þar er

grasbali eða smá laut sem virðist hafa stöðvað frekari ferð þessa bjargs (Halldór G. Pétursson 1991).

Ekkert er frekar vitað um veður þegar grjóthrunið varð, annað en það var þoka. Ekki er ólíklegt að þetta sé það sama og Jón Gunnar Egilsson (1990) getur um í nágrenni sjúkrahússins.

3 BOLUNGARVÍK

Töluvert var leitað í prentuðum heimildum að sögnum um skriðuföll á Bolungarvíkursvæðinu. Niðurstöðurnar af þeirri leit urðu þær, að varla sé hægt að fullyrða að skriðuföll hafi orðið innan bæjarmarka Bolungarvíkur, því einu heimildirnar eru óljósar og fjalla aðeins um jaðar þéttbýlisins. Það er að segja svæðið í nágrenni gatnanna Disarlands, Traðarlands og Stigahlíðar, sem reyndar er snjóflóðahættusvæði. Miðað við heimildir hafa þarna einungis fallið óverulegar spýjur (sjá kafla 3.3). Mun meiri sögum fer af skriðuföllum annars staðar í Bolungarvík, það er að segja í sveitinni (sjá kafla 3.1). Meðal annars eru upplýsingar um skriðuföll á jarðirnar Tröð og Meirihlíð, en land þeirra liggur næst kaupstaðnum og eitthvað af þeim lýsingum gæti átt við um kaupstaðarlandið (sjá kafla 3.2 og 3.3). Allar upplýsingar sem fundust um skriðuföll á Bolungarvíkursvæðinu (nema Skálavík og Óshlíð) eru teknar með, þrátt fyrir að þær snerti fæstar sjálfan þéttbýliskjarnann. Auk þess fylgir með það sem fannst um sprunguna sem sker Óshyrnu (sjá kafla 3.4). Er það gert í ljósi þeirrar umræðu sem verið hefur í fjölmiðlum síðustu árin um þessa sprungu, en upprunanlegar heimildir um hana eru ekkert sérlega aðgengilegar (Heima í Bolungarvík - Jens E. Nielsson).

3.1 Skriðuannáll Bolungarvíkur

Eins og sést af skriðuannálnum fjalla flestar heimildirnar um skriðuhlaup úr Skriðugili hjá Geirastöðum í Suðurdal í Bolungarvík (mynd 1). Tvisvar sinnum er getið skriðufalla á land Meirihlíðar (1672, 1965) og einu sinni á land Traðar (1704), en báðar þessar jarðir liggja næst þéttbýlinu í Bolungarvík.

26. maí 1672:

...Hvítasunnu sjálfa (26. maí) kom mikið veður með hríð, og gekk úr alla hátíðina, í hverju veðri að skriður hlupu á margar jarðir til stórra spjalla. Í Meirihlíð í Bolungarvík tók af hálf túnið, Geirsstöðum í sömu sveit tók af þriðjung túns (Eyrarannáll). ...Um hvítasunnu komu veður mikil og vætur í hverjum víða fjöll runnu og gerðu löndum og bæjum mikinn skaða. Undir Meirihlíð í Bolungarvík tók af hálf túnið, ítem Geirastöðum í sömu sveit meir en þriðjung túns (Vatnsfjarðarannáll yngsti). Þess er einnig getið að í þessu veðri hafi orðið miklar skemmdir af skriðuföllum á Barðaströnd.

1704:

Þetta ár féll skriða á tún jarðarinnar Tröð í Bolungarvík, og var landskuld jarðarinnar af þeim ástæðum niðurfærð um þriðjung og kúgildi úr þremur í eitt og hálf (Ólafur Jónsson 1957).

1707:

Jarðabókin greinir frá skriðu mikilli, er þetta ár féll á tún jarðarinnar Óss í Bolungarvík, og er af þeim sökum landskuld jarðarinnar lækkuð um 4/10 hluta og leigukúgildum fækkað um þriðjung (Ólafur Jónsson 1957).

8.-9. jan. 1797:

...Eins og áður er sagt, var stórviðra- og hryðjusamt um suðvesturhluta landsins fram eftir vetri. Mest brögð urðu að þessu þann 8. og 9. jan. Þá skemmdi úrhellisregn með veðurofsa fjölda jarða, einkum í Dölum og á Vestfjörðum, með skriðuföllum, er tóku bæði tún og engjar, aurs árennsli, vatnsgangi, jarðföllum og landbrotum, svo að margar jarðir urðu lítt byggilegar, einkum í Öndarfirði, Dýrafirði, Skutilsfirði og Bolungarvík (Ólafur Jónsson 1957). Ólafur telur hugsanlegt að Geirastaði í Syðridal í Bolungarvík hafi tekið í þetta skifið og bærinn því verið fluttur, vel má vera að það sé rétt, en þó telja aðrir að þetta hafi gerst í byrjun 19. aldar (sjá kafla 3.3).

1896:

...Þess hefur fyrr verið getið (1797), að á fornum rústum Geirastaða í Bolungarvík hafi um 1890 verið byggt nýbýlið Skriða (sjá kafla 3.3). Samkvæmt frásögn Kristjáns Ólafssonar, bónda á Geirastöðum, kom hlaup úr Skriðugili 1896. Þetta var mikil grjót- og malarhlaup, en klofnaði í tvær álmur. Fór önnur sunnan við Skriðubæinn, en hin norður á Geirastaðatún, svo að bæjarhús í Skriðu sakaði eigi, og var kotið í ábúð nokkur ár eftir þetta (Ólafur Jónsson 1957).

okt. 1910:

...Í okt. hljóp grjótskriða mikil úr fjallinu fyrir framan Hól í Bolungarvík og gerði skemmdir miklar á engjum (Ólafur Jónsson 1957).

2. okt. 1947:

...Áður hefur nokkuð verið getið hlaupa úr Skriðugili hjá Geirastöðum í Bolungarvík. Gil þetta er í Erninum, fjalli því, er skilur Tungudal og Syðridal og Geirastaðir standa undir því. Þetta ár, 2. okt. hljóp gil þetta með sérkennilegum hætti. ...Þetta sumar hafði aldrei komið neinn vöxtur í gilið, ekki einu sinni þó að rigndi, en síðast í sept. gerði frost í nokkra daga, en enga snjókomu, þiðnaði svo snögglega aftur í byrjun okt., þó án þess að úrkomu gerði. Þann 2. mánaðarins kom skyndilega mikið hlaup úr giliinu, fyllti gamla gripahúsatótt, er var upp af bæjarhúsunum í Skriðu, fór yfir um 2 ha. af túni frá Geirastöðum, fyllti framræsluskurði og rann alveg niður í vatnið, sem þarna er fram undan. Skammt frá vatninu liggur vegurinn, og var skriðan um 100 m breið, þar sem hún rann yfir hann. Neðan vegarins var talsverður ræktaður nesoddi, er skriðan fór að mestu yfir. ...Á annað hundrað smálestum mun hafa verið ekið burt, en líka miklu rutt í vatnið. Hvað olli þessu skriðuhlaupi, er ekki vitað. Ekki taldi Kristján Ólafsson, bóndi á Geirastöðum, að vatn gæti safnast fyrir uppi á fjallinu, og virðist þá því einu til að dreifa, að vatn hafi með einhverjum hætti safnast fyrir inni í fjallinu, en síðan skyndilega brotið sér farveg fram í gilið (Ólafur Jónsson 1957).

2. okt. 1952:

Þann 2. okt. var vestanrok og úrhellisrigning um Vestfirði, og var úrkoman víða svo mikil, að skýfall mátti kalla. Urðu víða vatnavextir og vegaskemmdir, og töluverð skriðuföll urðu í Öndarfirði, Dýrafirði, Arnarfirði og á Kleifaheiði (Halldór G. Pétursson 1992). ...Líklega hefur það verið í þetta sinn, að skriða hljóp úr Erninum

niður á leitið norðan við Geirastaði í Bolungarvík og skemmdi þar dálitla nýrækt (Ólafur Jónsson 1957).

3.-4. nóv. 1965:

Dagana 3.-4. nóv. var suðvestan stormur eða rok víða um vestanvert landið og mikil rigning á Vesturlandi og Vestfjörðum. Það hlýnaði talsvert og eflaust hafa orðið töluverðar leysingar og það vatn bæst við regnvatnið. Víða urðu vatnsflóð og vegaskemmdir og mikil skriðuföll um alla Vestfirði, frá Gilsfirði og í Ísafjarðardjúpi. ...Í Bolungarvík urðu nokkrar skemmdir á túnnum á tveim býlum. Tvær aurskriður féllu á túnið í Meirihlíð og ein féll á nýja sáðsléttu á Fremri-Ósi (Halldór G. Pétursson 1992).

22. okt. 1999:

Töluvert grjóthrun var í Erninum í Bolungarvík um hádegisbilið á föstudaginn 22.10. og hrundi grjótið niður í Hólsskriðu (gögn Náttúrufræðistofnunar).

3.2 Um skriðuföll í Jarðabókinni 1710

Hér hefur verið tínt til það segir í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns um skriðuföll í Bolungarvíkurhreppi (Skálavík og Óshlíð sleppt), en hún var tekin saman um þetta svæði 1710 (mynd 2). Rétt er að geta þess að á þessum tíma eru bæði Ytri Búðir og Tröð hjáleigur frá Meirihlíð og að hluta fjallað um þær jarðir með Meirihlíð. Ekki er getið neinna skriðuskemmda í landi Ytri Búða, en mikill hluti þéttbýlisins í Bolungarvík er í landi þeirrar jarðar. Þá er ekki getið neinna snjóflóða í Bolungarvík í Jarðabókinni.

Tröð: Túninu spilla stórum skriður, sem jafnliga áfalla. ...Landskuld hefur að fornu verið 3 vættir á eyri, fyrir 6 árum féll skriða á túnið (1704), var þá landskuld afturfærð um eina vætt, og stóð það til í fyrra, nú er landskuld 2½ vætt á eyri. Leigukúgildi fyrrum 3, í 6 eður 7 ár hafa ekki verið nema 2, og orsakaðist þessi afturfærsla af skriðu, sem féll á túnið (sjá kafla 3.1).

Meirihlíð: Jörðunni spilla stórum skriður, sem jafnlega falla á túnið. Engjunum spillir á, sem ber á það grjót og aur.

Tunga: Engjum beggja partanna spilla skriður til stórskaða.

Hóll: Jörðin er stórum af sér gengin frá því sem að fornu var, bæði af uppblæstri landsins, jafnaðarligum skriðuföllum á landið og sérdeilis sandfoki úr melum fyrir ofan sjóinn, sem sterk norðanveður bera fram eftir syðra dalnum, og eykst þessi spilling af sandinum meir og meir, ár eftir ár.

Geirastaðir: Á tún jarðarinnar hafa fallið og falla skriður, og þar fyrir eyðilagðist mikinn part jörðinn, því túnið er svo að segja undirlagt. Svo er og bænum stórum hætt fyrir þessum skriðum. Engjarnar spillast og af skriðum, en sérdeilis eru þær fordjarfaðar af sandi. Jörðin er svo að segja landlaus orðin, og gengur og peningurinn mest í Heima-Hólslandi.

Miðdalur: Engjunum spilla skriður. Sandfok hefur og aftekið nokkurn hlut túnsins og engjanna og ágjörst þetta árliga.

Gil: Hætt er peningi fyrir grjóthruni úr fjalli. Skriður spilla engjunum ár eftir ár. Túnið brýtur á og spillir engjunum, brýtur þær og ber á aur og sand.

Ós: Túninu hafa stórum grandað skriðuföll, og liggur þess hluti undir eyðileggingu af gili einu, sem þar árennur í vatnavöxtum. Sandur spillir og túninu sem það áfýkur. Engjarnar eru stórum skemmdar af sandfoki og skriðum. ...Landskuld hefur verið

frá fornu 10 vættir á eyri inn til fyrir þremur árum (1707), þá féll stór skriða á túnið, og var landskuld afturfærð, svo nú eru 6 vættir á eyri, 3 af hverjum ábúenda. Leigukúgildi hafa fyrrum 6 verið inn til þess skriðan féll nú eru 4, sín 2 hjá hverjum.

3.3 Aðrar upplýsingar um skriðuföll

Í þessum kafla eru tíndar til aðrar þær upplýsingar sem fundust um skriðuföll í örnefnaskrá eða voru ódagsettar. Aðeins ein af þeim snertir þéttbýlið í Bolungarvík og er um aurspýjur og grjóthrun á svæðinu þar sem nú eru göturnar Stigahlíð, Dísarland og Traðarland.

...Haft var samband við Þórð Eyjólfsson, sem býr á elliheimilinu í Bolungarvík, en hann rámaði ekkert í þetta (snjó)flóð eða önnur. Hann mundi hins vegar eftir því að aurspýjur og grjóthrun úr fjallinu á þessu svæði hafi og eyðilagt girðingar í kringum túnblett sem hann nýtti og var milli fjárhúsanna og fjallsins. Þetta er á svæðinu þar sem göturnar Stigahlíð, Dísarland og Traðarland eru núna (gögn Veðurstofunnar – úr ferðasögu Tómasar Jóhannessonar um ferð Bolungarvíkur 22. jan. 1999).

Meirihlíð: Meirihlíðargrafir eru gamlar mógrafir frá ánni, heiman til við Hvolin. Hvol eða Meirihlíðarhvol eru grjóturðir eða stór, framrunnin skriða úr fjallinu (úr Örnefnaskrá).

Framan í Erninum er breytt skriðugil, sem hefur spúð úr sér ferlegum skriðuvæng. Vafalaust hefur skriðuvængurinn orðið til smám saman. Hann er gróðurlaus og nefnist Hólsskriða (Ólafur Jónsson 1957). Í þessu sambandi má geta þess sem gamall Bolvíkingur sagði mér (HGP) þegar ég spurði hann um skriðuföll í Bolungarvík, að ekki myndi hann eftir neinum skriðuföllum öðrum en þeim að oft heyrði hann í grjóthruni í Erninum.

Geirastaðir: Á merkjum Geirastaða og Miðdals er Geirastaðagil eða Skriðugil öðru nafni. ...Úr giliinu hafa oft fallið skriður, sem valdið hafa spjöllum á landi og húsum á Geirastöðum. ...Skriða féll þar síðast 1947. Úr giliinu rennur Skriðulækur, sem var vatnsból fyrir Geirastaðabæ og Skriðu. Grjótruðningur mikill, sem borist hefur fram úr giliinu, er nefndur Skriða. Á þessum skriðuhrygg var stuttu fyrir aldamót byggt íbúðarhús, enginn búskapur stundaður. Húsið var nefnt Skriða. ...Miðdalur: Merkin eru um Geirastaðagil öðrum nafni Skriðugil. ...Skriða er yst í fjallinu. Skriðan kom úr Skriðugili og dreifði sér yfir í Miðdalsland líka (úr Örnefnaskrá).

...Þá var á þessu ári (1890), byggt nýbýlið á Skriðu á Geirastöðum. ...Þarna hafði Geirastaðabærinn áður staðið, en tók af í skriðufalli og var þá fluttur utar (Jóhann Bárðarson 1948). ...Eigi er greint hvenær þetta hafi orðið. Kristján Ólafsson, bóndi á Geirastöðum, hefur sagt mér, að þetta mundi hafa orðið í byrjun 19. aldar, en þá er eigi getið neinna teljandi skriðufalla á Vestfjörðum, og er því líklegra, að það hafi gerst þerra ár (1797 – Ól. Jónss. vill endilega að skriðan hafi fallið 8.-9. jan. 1797, og getur það svo sem vel verið, sjá kafla 3.1). Skriðan kom úr svo kölluðu Skriðugili, en bærinn stóð þá niður undan giliinu. Skriðan fyllti eitthvað af bæjarhúsunum og upp undir loft í baðstofunni, og var bærinn þá færður þangað, sem hann er nú. Þar sem bærinn hafði staðið var svo nýbýlið Skriða byggt (Ólafur Jónsson 1957).

Syðridalur: Fallið hefur skriðað úr fjallinu og skilið eftir sig hækkun á móts við Geirastaði, það er kallað Geirastaðaleiti (úr Örnefnaskrá).

Tyrkjar: Sú er sögn, að þegar Tyrkir rændu hér við land, hafi þeir komið til Bolungarvíkur. Segir ekki af athöfnum þeirra annað en að tveir þeirra ætluðu fram í Syðridal til að leita þar fanga. Héldu þeir gangandi fram dalinn. Kunnáttumaður einn í dalnum hafði veður af ferð þeirra og erindi. Kom hann því svo fyrir, að er þeir fóru hjá gili einu á vestanverðum Syðridal, ruddist þar fram skriðað mikil. Tveir steinar, heljarstórir lentu sinn á hvorum Tyrkjanna og mörðu þá til bana. Átti fótur annars Tyrkjans að hafa staðið út undan öðrum steininum. Byggðamenn sluppu þannig frá ofbeldi ránsmannanna. Steinarnir, sem urðu Tyrkjunum að aldurtíla heita síðan Tyrkjar, og hinn minni steinninn Tyrkjabróðir, en gilið Tyrkjagil (Heima í Bolungarvík 2 – 1953).

...niður undan giliinu á jafnsléttu, eru margir stórir steinar, sem hafa hrunið úr fjallinu og dreifst um flötinn. Tveir hinna stærstu eiga sér nöfn og heita Tyrkjar – Tyrkjabróðir sá minni. Nokkru neðar eru Múrhús grónir skriðuhólar. (Heima í Bolungarvík 23 – 1961).

...Í Syðridal í Bolungarvík standa tveir stórir steinar á sléttum grasigrónum grundum nokkru fyrir neðan bæinn á Geirastöðum. Steinar þessir eru nefndir Tyrkir. ...Millibilið milli Tyrkjasteinana er lítið, líklega 4-5 faðmar. Annar steinninn er nokkru minni en hinn, en báðir eru þeir bjarg mikið (Arngr. Fr. Bjarnason 1945).

3.4 Sprungan í Óshyrnu

Síðustu árin hefur reglulega gosið upp í fjölmiðlum umræða um sprungu sem klýfur topp Óshyrnu yst á Óshlíð og skriðuhættu vegna hennar. Í þó nokkur ár hefur verið vitað um tilvist sprungunnar, en þær heimildir sem upphaflega geta hennar virðast ekkert sérstaklega tilgengilegar (Heima í Bolungarvík, Örnefnaskrá). Því þótti rétt að láta það sem þar er sagt um sprunguna fljóta hér með.

Laugardaginn 5 júlí 1923 gerðu sex Bolvíkingar og einn Ísfirðingur sér það til gamans að þeir gengu á Óshyrnu. ...Tímanum vörðu þeir til þess að gera þar vörðu mikla sem blasir við þorpinu. ...Í fyrstu ætluðu þeir að byggja vörðuna fremst á fjallsbrúninni, en vegna sprungu sem þeir sáu í bergið spölkorn frá brúninni, hættu þeir við það. Sprunga þessi var þverfet á breidd en ekki sáu þeir hve djúp hún var. Þeir létu smásteina falla niður í hana og heyrðu á hljóðinu, er þeir köstuðust í hlíðar sprungunnar, að hún myndi alldjúp. Þótti þeim líklegt, að fyrr eða síðar mundi þarna springa fram spilda úr fjallinu. Settu þeir vörðuna því ofan til við sprunguna ... Síðan þetta var, eru nú liðin 30 ár. Varðan stendur enn og ber við himinn, neðan frá að sjá. En hvað um sprunguna? Mér segja menn, sem telja sig þekkja þarna til, að hún hafi tekið breytingum, og það þeim ekki óverulegum. Að sögn þeirra sjömenningana, sem vörðuna hlóðu, var sprungan sem næst því þverfet á breidd fyrir 30 árum. Nú er talið að hún hafi víkkað svo að þar sé komin djúp gjá, svo víð að ekki verði stigið yfir hana, en auðveldlega stokkið.

Ef þetta er rétt, þá virðist sú tilgáta geta verið rétt, að þarna sé myndun að klofningi út úr fjallinu. Sé gjáin orðin svo víð, sem sagt er, þá sýnist þessu miða ískyggilega ört. Og þá er þarna nokkurt alvörumál ferð. Það er algengt að smærri og stærri spildur losni úr fjallabrunum. Er þess ekki langt að minnast að fyrir eitthvað 20-30 árum sprakk fram stór spilda á Stigahlíð utanverðri. Var það svo mikið hrun, að þar gekk

fram nýr tangi út í sjóinn, sem síðan heitir Nýja leiti. Bátar, sem voru að veiðum alllangt þar fram undan, urðu varir við mikinn öldugang af völdum þessa hruns. Enginn veit hve stórt stykki féll þar úr fjallinu. Sást þó tilsýndar á lit bergsins fyrst á eftir, að það hafði tekið yfir allstórt svæði. Ekki er vitað að það ylli neinu tjóni, enda var það fjarri mannabyggð og allri umferð. Þó geta skepnur hafa orðið þar undir. Öðru máli er að gegna, ef slíkt hrun yrði úr Óshyrnu, og þó minna væri. Þar neðan undir liggur fjölfarin alfaraleið og því þar meira í húfi.

Nú er engan veginn víst að þarna sé um svo bráða hættu að ræða og líklegast að svo sé ekki. En full ástæða er til þess að fylgjast með þessu og ef þörf sýnist að í tíma séu gerðar þær ráðstafanir sem tryggt geti öryggi umferðarinnar um það svæði, sem hér gæti verið í hættu. Það mun t.d. vera alltítt í fjallalöndum að sprengt sé út úr fjöllum, þar sem sýnt þykir að hætt á hruni vofi yfir. Gæti slíkt verið til athugunar á þessum stað. (frásögn Jens E. Níelssonar í Heima í Bolungarvík 6 – 1953).

Í 6. hefti er sagt nokkuð frá vörðunni og sprungunni á Óshyrnu. Síðast liðið sumar (1954), fóru tveir ungir Bolvíkingar þangað upp. Þeir Benedikt Bjarnason og Guðmundur Pálsson. Rannsókuðu þeir vörðuna og gerðu athuganir á sprungunum. Þeim segist svo frá: Sprunga liggur langs eftir fjallinu frá norðvestri til suðaustur og er 30,1 m á lengd. Ekki nær hún út í brúnir. Eru 25 m frá norðvesturbrún að sprunguendanum þeim megin, og frá hinum enda hennar 10 m að austurbrún. Dýpst er hún næst brúnunum og ekki samfelld. Ekki varð dýptin mæld vegna þess hve veggir sprungunnar eru ósléttir, en hún virðist vera töluvert djúp. Leirlag er á fjallinu og hefur sigið úr efri brún þess niður í sprunguna, svo að barmar hennar flá nokkuð. Sýnist sprungan því gleiðari en hún raunar er. Þar sem hún er breiðust, er breiddin í efri brún leirflagsins 65 cm, en efst í sjálfu berglaginu ekki nema 15 cm. Í vörðunni fundu þeir flöskuna ... (Heima í Bolungarvík 11 – 1955).

Fjallið innan við Bolungarvík heitir Óshyrna. ... Sumarið 1922 var ég og 3 aðrir ungir menn staddir á Óshyrnu þeirra erinda að byggja þar vörðu. Vakti þá athygli, að í hinni sléttu og láréttu klöpp, efst á fjallinu, var regluleg, bogamynduð sprunga, um 20 m á vídd, og var stykkið framan sprungunnar áætlað um 100 m². Nú er sprungan orðin um 100 m á vídd og þess því tæplega að langt að bíða, að stórkostlegt skriðufall úr 600 m hæð falli þarna niður yfir þjóðveginn og sópi burt öllu, sem fyrir verður. Vegamálastjórnin veit um þetta og gerir væntanlega ráðstafanir í sumar (úr Örnefnaskrá, heimildarmaður Jón J. Fannberg 1978). Eitthvað virðast hlutirnir hér teknir að skolast til og stækka í minningunni, miðað við frásögnina í Heima í Bolungarvík, bæði hvað snertir ár, fjölda manna á fjallinu og sérstaklega stærð sprungunnar í fjallinu.

4 BÍLDUDALUR

Áður hefur saga skriðufalla og annarra ofanflóða á Bíldudal verið könnuð og fengist nokkuð gott yfirlit um ofanflóð á 20. öldinni, þrátt fyrir að eitt krapahlaup sem féll 10. maí 1990, hafi af einhverjum orsökum helst úr lestinni (Björn Jóhann Björnsson 1990, Þorsteinn Sæmundsson o. fl. 1999). Athyglisverð hefur þó mönnum þótt sú þögn sem er í heimildum um eldri skriðuföll, því öll ummerki á Bíldudal benda til þess að þarna séu ofanflóð ekkert nýtt fyrirbrigði, heldur falli þarna skriður og krapaflóð með reglulegu millibili. Auk þess er Bíldudalur er með elstu þorpum á landinu og þarna

hefur verið þéttbýlismyndun að minnsta kosti frá því um 1800 og jafnvel frá því um 1700. Því var ákveðið að kanna heimildir nánar og hér á eftir er tínt til allt sem fannst til viðbótar, en ekki varð afraksturinn mikill og er þögn heimilda um skriðuföll fyrir 1900 jafnáberandi sem áður. Ef kanna á þessi mál eitthvað frekar virðist helst að leita fanga í óbirtum heimildum, svo sem bréfum, dagbókum eða skjölum frá því fólki sem lifði og starfaði á Bíldudal á 18. og 19. öld. Ekki er víst að sú vinna svari kostnaði, hvað snertir skriðuföll og snjóflóð. (Í Skútuöldinni eftir Gils Guðmundsson er getið um handrit eftir Ingivald Nikulásson – Ágrip af sögu Bíldudals, ekkert er getið um hvar þetta handrit er niðurkomið, en ef til vill leynist eitthvað fróðlegt í því um ofanflóð).

Upphaf þéttbýlisins á Bíldudal má rekja til þess að staðurinn var verslunarstaður á einokunarunartímabilinu og eflaust fyrr. Staðurinn var einn af upphafsstöðum þilbátaútgerðar á Íslandi og þaðan var rekin útgerð, saltfiskverkun og fiskútflutningur frá því um aldamótin 1800 (Gils Guðmundsson 1977). Með lestri þessara heimilda auk gamals korts af Bíldudalsþorpi (mynd 3), frá því um 1921 (Haflíði Magnússon 1994), má gera sér í hugarlund hvar gömlu einokunarbúðirnar stóðu og hvernig byggðin þróaðist. Verslunarbúðirnar stóðu neðst á aurkeilunni undir Búðargili, á Búðareyri nokkurn vegin þar sem Hafnarteigur og bryggjan er í dag, rétt utan við þar sem Búðarlækur rennur til sjávar. Þarna hjá kaupmannsbúðinni segir Jarðabókin 1710 að tómthúsið Búðareyri hafi verið byggt fyrir 7 eða 8 árum (1702-03). Var þetta gert að undirlagi kaupmannsins í þeim tilgangi að íbúarnir vöktuðu búðirnar þegar ekki var verslað þar. Ekki hefur mér tekist að grafa upp heimildir um hvort stöðug búseta var eftir þetta alla 18. öldina á Búðareyri og hér sé komið upphaf Bíldudalsþorps. En eftir að þilskipaútgerð hófst um 1800, byggðist þorpið smásaman upp, fyrst á malarkambinum neðan við skriðukeiluna og seinna upp í sjálfa keiluna. Hugsanlega var byggðin í fyrstu örugg, nema fyrir stærstu ofanflóðum og gæti þar verið komin skýringin á þögn heimilda um ofanflóð. Með vaxandi umsvifum eins og t.d. fiskþurrkun hljóta þó athafnasvæði, eins og t.d. fiskreitir að hafa þokast upp í skriðuna, þar sem áhrif skriðufalla og krapahlaupa eru meiri og meiri hætta á tjóni. Í þessu sambandi má geta þess að í 2. útgáfu Skútuáldarinnar, I. bindi (Gils Guðmundsson 1977) eru nokkrar myndir af Bíldudal eins og hann leit út í lok 19. aldar. Á sumum þeirra sjást stórir steinar neðst á eyrinni og eflaust hafa þeir einhvern tíma borist þangað í ofanflóðum. Því miður er þess ekki getið hvar þessar myndir eða aðrar af gamla Bíldudal er að finna, en fróðlegt gæti verið að skoða þær nánar.

4.1 Viðbætur við ofanflóðaannál

1699:

...Í Otradal við Arnarfjörð skeði sá tilburður sömu nótt (15. jan.) og á Reynivöllum (í Kjós) hljóp (snjó)skriðan, sem áður er sagt, að (snjó)skriða tók af fjósið og deyddi 7 kýr, linnu ei fyrri en hún komst í kirkjugarðinn, en kirkjuna sakaði ekki. Einninn dóu þar tveir hestar í hesthúsi. Í Dufantsdal, næsta bæ við Otradal, deyddi (snjó)skriðufall 3 kýr og 2 hesta. Á sömu nótt rauf allt rjáfur af Bíldudalskaupmanns búð (Setbergsannál). ...Þá rauf þak af Bíldudalskaupstaðshúsum og ræfur með (Grímsstaðaannál).

Ólafur Jónsson (1957) getur sér til að þakið á húsunum á Bíldudal hafi fokið af í veðrinu sem olli þessum snjóflóðum, en mörg og mjög stór snjóflóð hafa fallið víða á vestanverðu landinu í þetta skiftið. Mikið ofviðri hefur greinilega gengið yfir landið

og vel má vera rétt hjá Ólafi að þakið af búðunum hafi fokið af í einhverjum bylnum en ekki t.d. af völdum höggbylgju frá stóru snjóflóði.

Jarðabókin 1710:

Litlueyrarhús og Litlaeyri: Engjarnar bæði á heimajörðunni og Litlueyri fordjarfast stórlega úr skriðum úr fjallinu. Úthagarnir eru og so fordjarfaðir af skriðum, uppblásnir og í hrjóstur komið allvíða.

1797:

Ólafur Jónsson (1957) um þjóðsögu í sambandi skriðufall við eyðibýlið Hól, innan við Bíldudal. Þá mun hafa myndast svonefnd Stóraskriða í fjallshlíðinni ofan við Hólsbæinn, og á hún að hafa fallið yfir fjárhús. Færir Ólafur nokkur rök fyrir því að þetta hafi gerst þegar nokkuð var liðið á vetur árið 1797.

1920:

...Ekki hefur komið annað eins hlaup úr Búðargili síðan 1920, en þá varð sambandslaust milli bæjarhluta nema á sjó, vegna vatnsflaums, sem streymdi gegnum mitt þorpið (gögn Náttúrufræðistofnunar - Tím. 19.02.1959). Frekari upplýsingar um þetta flóð eru í ofanflóðaannál Þorsteins Sæmundssonar o.fl. (1999).

10. maí 1990:

...Aurskriða (krapahlaup) féll úr Búðargili á Bíldudal snemma morguns þ. 10. Snjódyngja féll ofan úr Búðargili og stíflaði hún framrásina, þannig að örhlaup myndaðist. Klofnaði það á spennuvirki og féll beggja vegna hryggjarins sem er ofan þorpsins. Við það brotnaði staurastæða. Skriðan leitaði niður í ræsi skammt ofan við skólann, en það annaði engan veginn að taka við svo miklu magni. Aurinn fór yfir eina lóð og bundið slitlag á aðalgötu bæjarins fór í sundur (Halldór G. Pétursson 1991).

Asahláka var þegar þessi atburður átti sér stað, en auk Mbl. 11.05. segja DV 10.05. og Tím. 11.05. einnig frá þessu. Virðist nokkuð ljóst af þeim fréttum að þarna var á ferðinni krapahlaup eða aurskriða svipað þeim sem féllu 28. jan. 1997 og 14. mars 1998. Úrklippur úr blöðunum frá 1990 eru fylgiskjöl hér aftan við (fylgiskjöl 1).

5 HEIMILDIR

Annálar 1400 – 1800.

Arngr. Fr. Bjarnason 1945: Vestfirskar sagnir, II bindi.


Björn Jóhann Björnsson 1990: Bíldudalur, skriðuföll og skriðuvarnir. Stuðull, verk- og jarðfræðipjónusta. 21 bls.

Gils Guðmundsson 1977: Skútuöldin, I. bindi. Önnur útgáfa, aukin. Bókaútgáfan Örn og Örlygur H.F. Reykjavík.


Hafliði Magnússon 1994: Gömul blöð frá Bíldudal 1903 – 1914.

Halldór G. Pétursson 1991: Drög að skriðuannál 1971-1990. Náttúrufræðistofnun Norðurlands, skýrsla 14. 58 bls.

- Halldór G. Pétursson 1992: Skriðuannáll 1951-1970. Náttúrufræðistofnun Norðurlands, skýrsla 16. 57 bls.
- Halldór G. Pétursson 1996: Skriðuannáll 1925-1950. Náttúrufræðistofnun Íslands – Akureyri, skýrsla 3. 69. bls.
- Heima í Bolungarvík 1953-1961 (Jens E. Níelsson ritstj.)
- Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Rauðasandshreppur og Arnarfjarðardalur 1710, Bolungarvíkurhættur 1710. Bindi 6 og 7. Kaupmannahöfn 1938 og 1940.
- Jóhann Bárðarsson 1948: Fortíð, ágríp af þróunarsögu Bolungarvíkur. Í Gíls Guðmundsson, Frá ystu nesjum, vestfirskir sagnabættir IV. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík. 168 bls.
- Jón Gunnar Egilsson 1990: Snjóflóð á Patreksfirði, snjóflóðaskrá, snjóflóðakort. Veðurstofa Íslands, snjóflóðavarnir. 35 bls.
- Ólafur Jónsson 1957: Skriðuföll og snjóflóð I og II. Bókaútgáfan Norðri, Akureyri, 586 og 555 bls.
- Þorsteinn Sæmundsson, Tómas Jóhannesson, Jón Gunnar Egilsson 1999: Saga ofanflóða á Bíldudal 1902 til 1999. Veðurstofa Íslands, greinargerð. VÍ-G99006-ÚR04. 19. bls.
- Örnefnaskrá Vestur-Barðastrandarsýslu – Patrekshreppur, Geirseyri og Vatneyri.
- Örnefnaskrá Norður-Ísafjarðarsýslu – Hólshreppur, Bolungarvík.



Mynd 2: Jarðir þær í Bolungarvíkurhreppi (Skálavík og Óshlíð er sleppt), þar sem Jarðabókin 1710 getur skriðufalla eða skriðuhættu.



Mynd 3: Gamalt kort af Bíldal (Hafliði Magnússon 1994). Búðir einokrunarverslunarninn voru á sjávarkambinum beint upp af bryggjunum.

Aurskriða féll úr Búðargili

„Við slappum með skrekkinn í þetta sinn, það fór betur en á horfðist," sagði Guðmundur Sævar Guðjónsson fulltrúi Almanna-varna á Bíldudal, en aurskriða féll úr Búðargili ofan bæjarins snemma í gærmorgun. Tjón varð óverulegt í kjölfar skriðunnar.

Snjódyngja féll ofan úr Búðargili og stíflaði hún framrásina, þannig að örhláup myndaðist. Klofnaði það á spennuvirki og féll beggja vegna hryggjarins sem er ofan þorsins. Við það brotnaði staurastaða á línu sem tengist Mjólkvirkjun, en Bíldæljar fengu rafmagn í gegnum Tálknafjarðarlínu.

Skriðan leitaði niður í ræsi skammt ofan við skólann, en það annaði engan veginn að taka við svo miklu magni. Aurinn fór yfir eina lóð og bundið slitlag á aðalgötu bæjarins fór einnig í sundur, auk þess sem staurastaða brotnaði.

„Tjónið varð ekki verulegt, við slappum með skrekkinn í þetta sinn. En þetta sýnir hversu brýnt er að settur verði upp jarðstrengur á þessu svæði. Við höfum margflekkað það við Orkubú Vestfjarða og eftir samtöl við aðila þar í dag skilst mér að stefnt sé að því gera ekki við staðuna, heldur leggja jarðstreng í staðinn," sagði Guðmundur Sævar í gær.

Skemmdir í Bíldudal eftir aurskriðu í morgun:

Slitlagið rifnaði upp eins og bréf

— sagði Bjarni Sigurmundsson sem hrökk upp við mikla skruðninga

Ég vaknaði þegar flóði féll. Þetta var nikklí hvellur. Ég fýtti mér út að glugganum. Þegar ég leit út sá ég að snjó- og aurskriða náði aðveg niður undir efstu hús í kaupúinu en mikill vatnsflaumur rann niður að sjó. Þvír eða fjórir rafnagustaurar brotnuðu og lúrnar fóru í sundur — rafnagið fór því af. Þegar ég fór út sá ég að flóðið hafði rífið slitlag upp af Strandveginum við höfnina, eins og bréf. Þetta var ansi mikið flód — vatnsgurinn er omþá að renna niður," sagði Bjarni Sigurmundsson í Bíldudal í samtali við DV í morgun.

Snjó- og aurflód með miklum

vatnseig féll í Búðargili í Bíldudal á sjöunda tímanum í morgun og olli það töluverðum skemmdum í kaupúinu.

„Fjallið er flatt hér fyrir ofan og þar myndast gjarnan stöðuvatn í leysingum. Þegar það verður fullt brýst vatnið fram og niður í Búðargil og þar tekur vatnsgurinn snjóskafana með sér. Ég sé að helmingurinn af stórum skafl í efst í gili er farinn. Ef vatnið hefði tekið allan skaflinn með sér niður hefði spennistöðin sennilega farið líka en hún er fyrir neðan. Vatnsflaumurinn rann í gegn á milli verslunarhúna Eilnborgar og velt-

ingahússins Vegamóta. Síðan flæddi að húsi sem er þar fyrir neðan. Slitlagið flettist af Strandveginum á 6-8 metra kafla og krapelgurinn rann niður að smábátabryggju og fram í sjó," sagði Bjarni.

„Þegar ég kom niður að barnaskólanum sá ég að flóðið var svo mikið að það fór yfir garð, ruddi burtu hindrun þar, helltist yfir veginn og ruddi fram skúrði. Flóðið gróf líka í sundur jörðina við tanka hjá bensinstöðinni," sagði Bjarni. Hann sagði að rafmagn hefði komið fljótt á aftur í kaupúinu eftir að vararastöð var sett í gang.

—ÓTT

Miklar leysingar á Bíldudal:

Krapaflóð skemmdi mannvirki í bænum

Mikið krapaflóð féll á Bíldudal í gærmorgun og olli það talsverðum skemmdum í plássinu. Mikil hlýindi hafa verið að undanföngu, sennilega hefur uppsafnað leysingarvatn brotið sér leið til sjávar og hrífið með sér krap og aur.

Það var um fimminleitið í gærmorgun, sem krapaflóði féll. Það átti sér upptök í gili fyrir ofan bæinn, líklega vegna þess snjóhengja för af stað mjög ofarlega í gili með þeim afleiðingum, að uppsafnað leysingarvatn ruddist fram. Flóðið ruddist sömu leið og snjóflóð, sem féll fyrir nokkrum árum og tók með sér fjárhús. Krapaflóðið rann eftir lækjarfarvegi, sem liggur í gegnum mitt plásið.

Þetta var heljarmikið flód og vöknud margir íbúar við gauraganginn. Því fylgdi mikill vatnseigur, sem flutti með sér aur og grjótt, með þeim afleiðingum, að öll ræsi stífluðust svo vatnsgurinn streymdi óhindrað um kaupúinu. Talsverðar skemmdir urðu, m.a. á hafnarveginum og hálfkörudu afgreiðsluplani fyrir bensín og ollu, en þar breið flóðið með sér uppfyllingu, sem dreifðist um garða í nágrenninu. Eitthvað var um það, að vatn leki inn í kjallara, en það var þó ekki mikið. Þá reif flóðið niður staurastaður frá Orkubú Vestfjarða og rafmangslaut varð um tíma.

Jón Ingimarsson, íbúi á Bíldudal, sagði, að þetta hefði komið flestum á óvart. „Það er búið að vera mjög snjó-

létt í vetur, alla vega óvenjultíð miðað við snjóhyngslin hér í kringum okkur. Ég átti því alls ekki von á neinu slíku," sagði Jón, er blaðið hafði samband við hann.

Annars hefur lítið verið um slík krapaflóð á norðanverðum Vestfjörðum. Kristján Jónsson hjá vegagerðinni á Ísafirði sagði, að lítið hafi rígt, þess vegna hafi lítið tjón orðið vegna slíkra flóða. Vegir hafa hins vegar skemmt af völdum leysingarvatns, en vegna mikilla snjóhyngsla hafa ræsi stíflast af klaka og vatn flætt yfir vegi. Vegir á Vestfjörðum eru töluvert illa larnir eftir veturinn og snjóhyngslin, og eru erfiðir yfirferða fyrir bragðið. Vliða er því búið að setja þungatakmörkanir.

—hs.

Fylgiskjal 1: Úrkipur úr DV 10.05., Morgunblaðinu 11.05. og Tímanum 11.05., sem segja frá krapahlaupinu/aurskriðunni sem féll á Bíldudal þ. 10.05.1990.